A 1854/presidiet

Flytjandi Flokkahópur hægrimanna

Afgreiðsla Forsætisnefndin

Þingmannatillaga um sameiginlega norræna samantekt á viðbrögðum við kórónukreppunni frá norrænum sjónarhóli

Tillaga

Flokkahópur hægrimanna leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að hún geri sameiginlega norræna samantekt á viðbrögðum við kórónukreppunni frá norrænum sjónarhóli

Bakgrunnur

Í kvikulum heimi er samstarf okkar líkt þenkjandi þjóða á Norðurlöndum nauðsynlegt til að við getum þróað og staðið vörð um samfélagsgerð okkar sem og þátttöku í málefnum Evrópu og alþjóðamálum. Norrænt samstarf á að vera uppörvandi og láta muna um sig á tímum sem reynir á þrótt marghliða samstarfs og hefðbundins. Afar mikilvægt er að Norðurlönd geti átt þátt í að móta viðmið og grundvallarreglur á alþjóðavettvangi í samræmi við gildismat okkar og hagsmuni. Þetta á ekki síst við um heilbrigðismál og samstarfið í Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni WHO. Traust og gagnsæi eru mikilvæg gildi í því sambandi.

Mismunandi viðbrögð norrænu landanna við farsóttinni sem geisar vekja áleitnar spurningar um getu þeirra til að takast sameiginlega á við áskoranir. Eftir pláguna er ástæða til að meta árangurinn af samstarfinu, hvaða áhrif hún hefur haft á samband landanna och hvernig við eigum sameiginlega að mæta efnahagslegum og félagslegum afleiðingum COVID-19.

Þótt benda megi á samstarf eða tvíhliða samráð ríkisstjórna og ríkisstofnana sem gefið hefur góða raun og leitt til ívilnana og lausna eru þess því miður einnig dæmi að skort hafi á að reglum væri framfylgt og gripið til fullnægjandi ráðstafana.

Áberandi afleiðing farsóttarinnar er lokun landamæra á Norðurlöndum. Þetta er vandasamt því að velferð okkar er því algerlega háð að við getum stundað viðskipti við umheiminn. Auk þess þarf að standa vörð um vegabréfafrelsið sem er einstakt og hefur verið í gildi frá sjötta áratugnum. Því miður hefur þetta ekki orðið raunin.

Norrænu-baltnesku löndin hafa oft litið mikilvæg mál í samstarfinu um Evrópusambandið sömu augum, svo sem að gæta þess að frjáls innri markaður haldist. Farsóttin hefur valdið því að mörg lönd hafa látið undir höfuð leggjast að tryggja örugga dreifingu mikilvægra vörutegunda. Þörf er aukinnar framleiðslu í Evrópu. Huga verður að öryggi og vörnum en stutt er í verndarhyggju. Í kjölfarið á kórónukreppunni verðum við að vera samtaka í að vernda samkeppnishæfni og framtíðarhug í Evrópu. Norrænt efnahagslíf er framsækið og það kann að verða styrkur þess andspænis umbreytingum sem fylgja farsóttinni.

Ýmis úrlausnarefni á sviði öryggismála hafa jafnframt minnt á sig í plágunni. Þetta eru villandi upplýsingamiðlun og áróðursherferðir sem hafa farið vaxandi í Evrópu. Einnig að þessu leyti skiptir miklu máli að við getum tekist sameiginlega á við ýmsan vanda.

Ef við stöndum vörð um samstarfið við nágrannalöndin eflum við möguleikana á að sigla gegnum brimskaflinn sem gengur yfir samfélög okkar. Við þurfum aftur á móti að hafa í huga ósamræmið í pólitískum yfirlýsingum um samstarf annars vegar og hins vegar veruleika síðustu mánaða þar sem landamæri hafa verið lokuð, verslun á landamærasvæðum stöðvuð og reglum beitt með mismunandi hætti.

Noræna félagið hefur stungið upp á samnorrænni kórónuveirunefnd sem rannsakaði hvað gerst hefur og hvaða ályktanir og lærdóm megi draga.
Ríkisstjórnin í Svíþjóð hefur að kröfu hægriflokksins Moderaterna ákveðið að hefja rannsókn. Mögulega getur samnorræn athugun haft gagn af því starfi sem fram fer í hinni sænsku nefnd.

Full ástæða er til að rannsaka og meta samstarfið á Norðurlöndum í ljósi þess hvernig löndin hafa í sameiningu tekist á við sameiginlegar áskoranir og vandamál vegna kórónuveirufarsóttarinnar.

Með sameiginlegri norrænni samantekt á viðbrögðum við kórónukreppunni frá norrænum sjónarhóli aukast möguleikar okkar á að mæta áskorunum saman og þannig mynda norrænt notagildi í ríkari mæli.

Norðurlöndum, 30. september 2020

Anna-Kaisa Ikonen (saml)
Bente Stein Mathisen (H)
Brigitte Klintskov Jerkel (KF)
Cecilie Tenfjord-Toftby (M)
Hans Wallmark (M)
Juhana Vartiainen (saml)
Maria Stockhaus (M)
Marianne Synnes Emblemsvåg (H)
Michael Tetzschner (H)
Nils-Aage Jegstad (H)
Norunn Tveiten Benestad (H)
Pål Jonson (M)
Solveig Sundbø Abrahamsen (H)
Vilhjálmur Árnason (Sj.)
Wille Rydman (saml)